



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á hátíðarsamkomu  
í opinberri heimsókn til Rangárvallasýslu  
7. apríl 2000**

Heiðruðu Rangæingar  
Góðir gestir

Við höfum átt hér saman einstæða daga. Nálægðin við sögu lands og þjóðar er í senn hrífandi og áhrifamikil. Sköpunarkraftur náttúrunnar, þróttur í atvinnulífi, nýsköpun byggð á menningararfi Íslendinga, allt fellur hér í mikla elfur, myndar litskrúðugan vef sem í hverjum áfangastað færir okkur nýja sönnun þess hve einstök sú gæfa er að eiga Ísland að fósturjörð.

Þið eruð vörslumenn minja og landgæða sem greipt eru svo sterklega í þjóðarvitund okkar Íslendinga að jafnan er til þeirra vísað þegar við sjálf leitum staðfestingar á rétti okkar og stöðu í samfélagi heimsins.

Hér eru heimaslóðir þeirrar fornu bókar sem ein dugir til að gefa Íslendingum æðsta sess í menningarhofum veraldarinnar.

Hér er verkstöð þess eldfjalls sem frægt er orðið um heiminn allan og minnir okkur og mannkyn allt jafnt og þétt á þann dýra sannleik að sköpun heimsins varir enn.

Hér liggja sporin frá ferðum eldhuganna sem hófu merki íslenskrar sjálfstæðisbaráttu og gáfu þjóðinni áráði sem dugði til að sækja fram til fullveldis og lýðveldis.

Það var héðan frá Breiðabólstað sem Tómas Sæmundsson skrifaði árið 1840 félagi sínum og Fjölnismanni Jónasi Hallgrímssyni:

„Ég vildi enda ráða þér til að komast hérna í Fljótshlíðar-blíðuna þegar þú fer að hressast; við höfum nóg að lesa og margt má hér

finna sér til dægrastyttingar, að minnsta kosti þekki ég ekkert til leiðinda síðan hingað kom.”

Og Jónas felldi í ljóðlínur Heklu og ykkar heimaslóð og gerði að sígildri mynd Íslands, tákni sem orðið hefur uppspretta ættjarðarástar, stolts og gleði:

„ Þú stóðst á tindi Heklu hám  
og horfðir yfir landið fríða,  
þar sem um grænar grundir líða  
skínandi ár að ægi blám;  
en Loki bundinn beið í gjótum  
bjargstuddum undir jökulrótum –  
þótti þér ekki Ísland þá  
yfirbragðsmikið til að sjá?”

Listaskáldið góða, snillingur orðsins og rannsakandi íslenskrar náttúru hefur víða verið með í för okkar þessa daga. Lýsing hans á sólinni sem skein:

„... á sumarvegi  
og silfurbláan Eyjafjallatind  
gullrauðum loga glæsti seint á degi”

hefur sungið í huganum, lofgjörð um þá fegurð landsins sem ein olli því að:

„Gunnar vildi heldur bíða hel  
en horfinn vera fósturjarðar ströndum.”

Já, ég er þakklátur fyrir þær góðu stundir sem heimsóknin til ykkar í Rangárþing hefur gefið mér og vitnisburðinn um kraftinn og nýsköpunina sem ég hef hvarvetna fundið.

Þið eruð að veita æskunni góða menntun í umhverfi sem kalla má hina æðstu menntastofnun og veitir dýrmæta fræðslu um lífið sjálft, gæði náttúrunnar og mátt ræktunarstarfsins.

Þið hafið sýnt mér fyrirmyndarþú þar sem byggt er á traustri hefð íslensks landbúnaðar en jafnframt sótt hið besta úr tækni og reynslu samtímans. Ég hef séð þessa daga glæsilegan vitnisburð um markvissa ræktun sauðfjár, hrossa og hins göfuga íslenska kúakyns.

Fyrirtækin hér í sýslunni standa greinilega traustum fótum og gaman þótti mér að sjá hve vel hefur til tekist með framleiðslu og starfsemi Sláturfélags Suðurlands hér á heimaslóð. Ég man vel þá undrun og umræðu sem víða spratt þegar við tókum saman höndum fyrir um tíu árum síðan og tryggðum flutning fyrirtækisins hingað í sýsluna. Árangurinn er vissulega áminning um að framsæknustu fyrirtæki Íslands geta öðlast traustan grunn og ný tækifæri með því að flytjast úr hringiðu höfuðborgar í vinaleg heimkynni á landsbyggðinni.

Dvölin hér á Rangárvöllum hefur vakið með mér enn á ný umhugsun um þær breytingar á lífsháttum, atvinnu og gildismati sem móta munu framfarir og hagsæld á nýrri öld. Ekki aðeins með okkur Íslendingum heldur einnig um veröld víða. Áriðandi er að við höldum áttum í því umróti og gerjun, missum ekki þann þráð sem tengir okkur við líf fyrri kynslóða og tökumst á við nýjar leiðir og óvænta möguleika af opnum huga og bjartsýni um vaxandi velmegun.

Sagan, náttúran og landgæðin – þrenningin sem myndar svo sterka umgjörð um líf í þessu héraði – eru í vaxandi mæli auðlindir sem skjóta traustum stoðum undir vaxtargreinar í hagkerfi nýrrar aldar. Vandinn er að greina rétt þau tækifæri sem bjóðast og gefa þannig byggðum landsins í senn sjálfstraust og sóknarhug.

Minningar um forna tíð, minjar um vegferð kynslóðanna og menningararfur frá landnámi, söguöld, þjóðveldinu sem skóp hér einstakt samfélag laga, lýðræðis og réttar eru við aldarskil orðin auðlindir sem nýta ber til atvinnu og hagsældar.

Þeir óþekktu meistarar sem skráðu sögurnar á skinn færðu okkur og hinum vestræna heimi, reyndar mannkyni öllu, snilldarverk sem jafnast helst á við klassíska texta Grikkja og Rómverja til forna. Akropolis, Colosseum og Njáluslóðir eru áningarstaðir sem veita ferðalöngum okkar tíðar einstæða sýn á lífsskilning og heimsmynd forfeðranna, veganesti sem minnir okkur á kjarnann í mannlegri reynslu, samnefnarann í menningu og sögu Evrópu, álfunnar sem löngum hefur tekið sér forystu í leit mannkyns að nýjum gildum, æðri sannleika og sjálfsvitund.

Með vaxandi velmegun og mannfjölda í heimsbyggðinni eykst jafnt og þétt sá straumur sem mældur er í milljónum og leitar um heiminn að vitnisburði um áfanga á langri vegferð mannsins frá því sem kallað er frumstætt líf til þeirrar hátækni sem umlykur okkur nú.

Þið eigið hér í sýslunni einstæðan fjársjóð um forna tíma og með nýlegum útgáfum Íslendingasagnanna á útbreiddustu þjóðtungu veraldar

mun án efa vaxa mjög áhugi fjöldans í heimsálfum öllum á að vitja þeirra slóða sem höfundur Njálu gerði að þekktum völlum.

Hvílíkur snillingur sat þar við vefstól orðs og hugsunar, felldi í listræna heild umrót sinnar tíðar og skóp með meitlaðri frásögn persónur sem fylgt hafa þjóðinni, atburðakeðju sem aldrei gleymist. Enginn er algóður, enginn er alvondur, enginn er fullkominn í glímu þeirra klassísku gilda sem rísa líkt og tindar í heimsmynd Njálu, valið er milli sæmdardauða eða lífs við skömm, umburðarlyndis og sáttfýsi Njáls eða hetjuhugsjónar kempunnar á Hlíðarenda.

Sögusetrið sem hér er að rísa er í senn merkilegt framtak og fróðleg tilraun til að nýta sagnasjóði liðinnar tíðar til nýbreytni í ferðaðþjónustu að frumkvæði heimamanna, byggja á reynslu og þekkingu í héraði en beita um leið tækni samtímans til að vekja til lífs liðna tíma og hughrif sem dýpka reynsluna sem lesturinn einn veitti áður.

Fleira getur svo sannarlega orðið ykkur og þjóðinni allri að fjársjóði þegar fyrri tíð verður uppspretta ánægju og fræðslu í vaxandi ferðaðþjónustu samtíma og nýrrar aldar. Við heimsóknina til Odda fyrr í dag, höfuðbólsins þar sem Sæmundur sat, svo fróður vel að hann beislaði skrattann sjálfan, var áréttað enn á ný að snemma sóttu Rangæingar vit og visku um langan veg, samsömun höfðingja sýslunnar við helstu lærdómssetur álfunnar.

Sagan forn og ný er hér í hverju spori, áminning um göngu þjóðarinnar í þúsund ár og hvatning til dáða. Eggert og Bjarni báru sigurorð af fordómum sinnar aldar þegar þeir gengu á Heklutind án þess að týna lífi eða hrapa til vítis. Skáldjöfrarnir Bjarni Thorarensen og Þorsteinn Erlingsson, fóstbræðurnir Jónas og Tómas úr Fjölnisflokki sóttu allir hingað innblástur og kvæðin snjöll.

„Enn eru mér í minni  
merkur fríðar er lýðir  
áður yrktu miðli  
ár Grjóts og Markarfljótsins.  
Sólgylltan man eg Múla  
mæna þar völlu of' græna,  
Merkjá er bregður í bugðir  
bláar, fegurst áa.”

kvað Bjarni og Þorsteinn Erlingsson hyllti sólskríkjuna á þann hátt sem þjóðina hreif:

„En fjarri er nú söngur þinn, sólskríkjan mín,  
og sumur þíns vinar hin fegurstu liðin;  
hann langar svo oft heim á Þórsmörk til þín,  
hann þráir svo ljóðin og vornætur friðinn.”

Sigurður Nordal, hinn mikli lærdómsmaður íslenskra bókmennta, menningar og sögu lýsir svo áhrifamætti ykkar heimabyggðar á hin miklu skáld:

„Vandfundin mundi sú byggð á Íslandi sem fleira hefði að bjóða næmum barnshuga en Fljótshlíðin fyrir innan Hlíðarenda. Þar er hvert bæjarstæðið öðru fegurra. Hlíðin fyrir ofan, iðjagræn með fossandi ár og læki, á alla mýkt og yndisþokka íslenzkrar sveitasælu. Þverá byltist fyrir neðan, sámlait og háskaleg. Handan hennar hið neðra taka við sléttur Landeyjanna, en Vestmannaeyjar blána í opnu úthafinu. Hinum megin gnæfir Eyjafjallajökull, og sést inn til Þórsmerkur og Goðalands. Hvert sem litið er, blasa við staðir sem helgaðir eru af frásögnum Njálu og kvæðum Bjarna og Jónasar.”

Þessar auðlindir sögu og menningar geta ásamt einstæðri náttúru orðið Rangárvallasýslu uppspretta margvíslegra tækifæra í því nýja hagkerfi sem óðum mótar heiminn allan og gerir nú að fengsælum atvinnugreinum það sem áður var talið sjálfsagt og lítt til tekna fallið.

Eldfjöll og jöklar, sandar og grænar grundir, fossar og fallvötn; Þjórsá, Rangá, Þverá, Markarfljót og Holtsós; Skógarsandur, Goðaland, Þríhyrningur, Landeyjar og Holt – þannig mætti lengi telja náttúruundrin sem gert hafa sýsluna ykkar að undraveröld fyrir alla þá sem leita vilja skjóls og hvíldar frá ys og örtröð heimstorganna, sækja þá endurnýjun lífdaga og andagift sem nálægðin við sköpunarverkið gefur hverjum þeim sem hingað kemur.

Náttúran og sagan, auðlindir tvær sem æ verðmætari verða með hverju ári eru ríkulegur heimanmundur ykkar Rangæinga og hann má nýta þjóðinni allri til hagsbóta. Í honum eru fólgin margvísleg sóknarfæri sem geta enn treyst undirstöður blómlegrar byggðar í héraðinu.

Þótt landbúnaðurinn hafi að undanfögnu orðið að lúta lögmálum samdráttar þá hefur sett sterkan svip á heimsókn mína að kynnast af eigin raun því úrvalsverki sem unnið er í sveitum hér, nýjungum í búskap og ræktun, áherslum á fjölþætta framleiðslu með gæðin ein að leiðarljósi.

Það er kominn tími til að horfa fremur á þá miklu kosti sem íslenskur landbúnaður færir nú þjóðinni allri til hagsbóta og tekjuauka í stað þess að lúta þeirri nauðhyggju sem skákað hefur sveitunum til hliðar.

Hvarvetna um hinn þróaða heim sjáum við ríka áherslu á að verðveita gæði búskaparins og tryggja að umhverfisvæn framleiðsla á hollum og fjölbreyttum matvælum njóti þess forskots sem henni ber.

Við Íslendingar höfum verið of feimnir við að halda að gestum okkar hinum gamla og góða sveitamat, hvort sem hann er reiddur fram undir tískuhatti heimskokka eða heldur þeim hefðarblæ sem þjóðin hefur varðveitt um aldir. Sá eðalkostur sem skipað hefur Frökkum, Ítölum og Spánverjum í öndvegi í veröld veitinga er í reynd bara sveitaeldhúsið þeirra sem þeir hafa endurnýjað og fundið nýjan búning. Hvers vegna ættum við Íslendingar ekki að gera slíkt hið sama? Hefur ekki Sláturfélagið sýnt hvernig hægt er með hugkvæmni og nýjungum að þróa sterkan markað fyrir afurðir úr sveitum landsins?

Íslenskur landbúnaður getur sótt hingað á Suðurland sönnun þess hvað hægt er að gera. Við eigum nú marga listamenn í matargerð, meistara með menntun og leikni á heimsmælikvarða. Þetta kunnáttufólk ætti að sameinast um að feta í fótspor Frakka, Ítala og Spánverja og gera úr gamla íslenska sveitamatnum nýja rétti sem heilla okkar góðu gesti og koma okkur sjálfum á óvart.

Kjötið af kindinni, sláturmatur, svið og kæfa, blóðmör og lifrapylsa, frábærir ostar og mjólkurréttir, hrossakjöt hangið eða reykt – allt er þetta efni í úrvalsrétti sem margir hafa verið á borðum á Bessastöðum fyrir tigna gesti og smakkast vel. Vandinn er að við höfum verið sjálf of feimin við að gera þennan hversdagsmat að veislukosti. Nú er tími til að breyta til og sjá hvernig hin gamla hefð getur orðið tískuvara. Hindrunin fellst í okkar eigin hugsun; líkt og áður fyrr átti bara að lesa Njálu en hvorki hafa hana til sýningar né sem helgarskemmtun.

Auðæfin eru í fleiru en erfðum og genum ættanna sem þraukað hafa í þessu landi. Í sýslunni ykkar birtist okkur sjóður tækifæra sem sagan, náttúran og matvæli sveitanna færa okkur á nýrri öld, í veröld þar sem uppsprettur auðs og hagsældar eru aðrar en áður.

Því skulum við heilsa nýrri tíð með bjartsýni og sóknarkrafti, strengja þess heit að gera úr auðlindum þjóðarinnar hagsæld og velferð á nýrri öld.

Ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir frábærar móttökur og fróðlegar og ógleymanlegar samverustundir.

Ég óska ykkur og Rangæingum öllum heilla um ókomna tíð og veit að sá sóknarkraftur sem ég hef kynnst í heimsókn minni mun skila ykkur árangri og framförum á nýrri tíð.